



# **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

Haldinn í fjarfundi 30. október 2020

## 1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setur fundinn.

## 2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefni Ágúst Sigurðsson sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

## 3. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

### Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

### Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

Fundarstjóri lagði til tillögu að breytingu á dagskrá. Lagði hann til að liður 6, 11 og 12 yrðu teknir í framhaldi af lið 4 og erindi yrðu tekin í framhaldi.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## 4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flytur skýrslu stjórnar. 12 formlegir fundir voru haldnir á árinu auk fjölda annarra funda í minni eða stærri hópum. Verkefni stjórnar á síðasta ári og þessu voru samráðsfundir með aðildarsveitarfélögum vegna móttöku á úrgangi. Gerði hvert sveitarfélag fyrir sig samning um úrgangsslosun en losun á grófum úrgangi og dýrahæjum hefur verið erfið viðfangs. Haldið var áfram með vinnu Stefáns Gíslasonar, verkefnastjóra, hann hefur haldið utan um samantekt á úrgangsmagni, aðgerðaráætlun vegna svæðisáætlunar o.fl. Unnin var sér aðgerðaráætlun vegna Covid-19, einnig hafa verkefni snúið að brennsluofni fyrir dýrahæ.

Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi hefur fundað mikið og hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting í hópnum. Endurskoðun á svæðisáætlun er í vinnslu en áætlað er að henni verði lokið 2021, taka þarf m.a. tillit til frumvarps til laga um úrgang. Búið er að senda drög að aðgerðaráætlun á öll sveitarfélögin og ætti hún að vera þar til umræðu. Fyrirhugað er að stofna undirbúningshóp til að koma á fót stórrí brennslustöð á landinu. Óbreytt staða er í leit að urðunarstað á Suðurlandi og er enn horft til sömu þriggja svæðanna þ.e. Kirkjuferjuháleigu, Strönd og Skógarsands.

Orkugerðin gengur vel og hefur orðið viðsnúningur í rekstri, farið var í útflutning á fitu, fjárfest í viðhaldi og einnig hafa orðið fulltrúaskipti í stjórn, þar eru spennandi tímar framundan.

Nýtt verkefni er brennsluofn á Strönd sem er unnið með Sorpstöð Rangárvallasýslu, þetta er flóknara verkefni en haldið var í upphafi og fjárfestingarkostnaðurinn er hærri en talið var. Með slíkum ofni er hægt að koma riðu- og salmonellu úrgangi í réttan farveg í staðin fyrir að urða hann en passa þarf upp á að móttökugjöld séu sanngjörn. Það þarf að fá fyrirtæki eða ríkið með í verkefnið.

Verkefni næsta árs eru að vinna að úrvinnsluúrræðum á Suðurlandi, samningar um móttöku á úrgangi, brennsla á dýrahæjum og endurskoðun svæðisáætlunar.

## 5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 10 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 6 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 6. Afgreiðslumál

### a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

### b) Endurskoðaður ársreikningur 2019

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnir ársreikning fyrir árið 2019, þar kom fram að rekstrartap nam 9,6 m.kr.

### c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2021

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði 10 m.kr. um og rekstargjöld verði tæplega 17 m.kr.

### d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð er fram tillaga að breytingum á gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2020.

### Tillaga til aðalfundar SOS 30. október 2020 um tekjustofn (gjaldskrá).

Fram til loka árs 2018 byggði tekjustofn SOS á umsýslugjaldi sem lagt var á allan úrgang sem fór til urðunar og var gjaldið 0,76 kr./kg. án vsk.

Á aðalfundi SOS árið 2018 var tekjugrunni SOS breytt og skyldi hann framvegis byggja á brunabótamati sem vigti 70% og á fjölda íbúa sem vigti 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS, sbr. töflu hér að neðan.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS, gefið að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og ef miðað er við að brunabótamat vigti 70% (stofn frá 2018) og fjöldi íbúa vigti 30% (1. janúar 2020). Í dálknum „Samtals gjöld“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Innheimta á gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert.

	mkr.			
<b>Marktekjur</b>	10			
<b>Vægi Brunabótamats - meðaltal 3ja þátta</b>	70%			
<b>Vægi íbúafjölda</b>	30%			
<b>Aðilar að sorpsamningnum - 2018 - Nýr stofn</b>	<b>Samtals gjöld</b>	<b>Gjöld %</b>	<b>v/Brunabótamats</b>	<b>v/Íbúafjölda</b>
1 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	488.489	4,88%	402.211	86.277
2 Flóahreppur	307.214	3,07%	215.286	91.928
3 Sveitarfélagið Árborg	3.091.590	30,92%	1.784.336	1.307.254
4 Hrunamannahreppur	432.577	4,33%	324.248	108.329
<b>Gámaþjónustan sér um neðangreind sveitarfélög</b>	<b>5.680.130</b>	<b>56,80%</b>	<b>4.273.919</b>	<b>1.406.211</b>
5 Sveitarfélagið Ölfus	964.365	9,64%	667.631	296.734
6 Bláskógabyggð	886.890	8,87%	732.390	154.500
7 Grímsnes- og Grafningshreppur	916.766	9,17%	848.819	67.947
8 Hveragerði	869.544	8,70%	507.344	362.200
<b>Sorpstöð Rangárvallasýslu</b>	<b>2.042.565</b>	<b>20,43%</b>	<b>1.517.734</b>	<b>524.831</b>
9 Rangárþing eystra	889.162	8,89%	623.990	265.172
10 Rangárþing ytra	821.813	8,22%	596.334	225.479
11 Ásahreppur	331.590	3,32%	297.410	34.180
<b>Samtals</b>	<b>10.000.000</b>	<b>100,00%</b>	<b>7.000.000</b>	<b>3.000.000</b>

#### e) Tillaga um þóknun stjórnar

Lögð er fram tillaga um þóknun stjórnar.

#### Tillaga til aðalfundar SOS 30. október 2020 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

#### f) Tillögur að breytingu á samþykktum

Engar tillögur.

#### g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Engar tillögur.

Fundarstjóri gefur orðið laust enginn tekur til máls.

#### 7. Erindi: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra. Samtal við sveitarstjórnir á Suðurlandi um úrgangsmál. Hvert stefnir?

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, boðaði forföll. Hann mun þess í stað koma á samráðsfund með sveitarfélögunum sem verður í nóvember n.k.

#### 8. Erindi: Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri, Pure North Recycling. Úrgangur sem hráefni?

Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri, Pure North Recycling tekur til máls og ræðir um úrgang sem hráefni. Ræðir hann um endurvinnsluefni og sýnir myndaklippur úr verksmiðjunni hjá þeim.

Plastvandamál er gríðarlegt. 8,3 tonn af plasti hefur verið framleitt. 79% af því hefur ekki verið endurunnið þar sem tæknin hefur ekki boðið upp á það. Það er aukning í notkun á plasti.

Þeir eru með starfsemi í Hveragerði en þar nýta þeir jarðvarma til endurvinnslu og hafa náð að minnka rekstrarkostnað gífurlega og kolefnaspor samanborið við samskonar verkssmiðjur. Þeir eru að framleiða umhverfisvænasta plast í heimi. Í samvinnu við Set eru þeir að endurvinna plast sem fellur til hjá þeim sem fer svo til baka í endurvinnslu. Blandaðar plastumbúðir er áskorun en þeir stefna á að geta tekið allt plast sem fellur til á Íslandi innan 2-3 ára og endurvinna hér á landi með mismunandi aðferðum.

Þeir eru búnir að kynna fyrirtækið erlendis til að vekja aðra til umhugsunar. Það þarf að nota endurunnar vörur til að klára hringrásina. Hjá sveitarfélögum mætti nota endurunnið plast t.d í stígagerð og skjólgirðingar.

Þeir taka þátt í þjóðþrifaverkefni og hafa fengið 10 fyrirtæki til samstarfs. Farið er yfir flokkunarkerfi fyrirtækjanna en það hefur gengið vel og eru þessi fyrirtæki nú að tryggja að þeirra afurðir séu endurunnar á Íslandi. Fjármálafyrirtæki eru farin að horfa í hvað fyrirtæki eru að gera í umhverfismálum og getur það jafnvel haft áhrif á vexti.

Þá langar að koma upp móttökustöðvum um allt land. Nú þegar eru komin í gang 3 verkefni en í framhaldi verða settar upp stöðvar þar sem hægt er að taka á móti endurvinnanlegu hráefni t.d. heyrúlluplasti, rafgeymum, rafhlöðum, dekkjum, ýmsum pappír og plasti. Þeir eru í samvinnu við Skaftárhrepp með heyrúlluplast og hefur það gengið vel. Það er kominn tekjustofn til að standa undir þessari flokkun. Við getum öll gert meira og betur, það þarf að hugsa kerfið upp á nýtt og efla innlenda endurvinnslu.

Fundarstjóri gaf orðið laust Axel Sæland, Gísli Halldór Halldórsson og Aldís Hafsteinsdóttir taka til máls.

## 9. Erindi: Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur. Úrgangsmál á Suðurlandi: Staða og horfur

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur fer yfir stöðu og horfur í úrgangsmálum á Suðurlandi. Síðastliðin fjögur ár hefur hann unnið fyrir SOS og getur hann því sýnt þróun á svæðinu á þessum árum. Fór hann yfir úrgangstölur árið 2019. En það er ekki allur úrgangur sem fer í gegn hjá sveitarfélögunum sjálfum s.s. ýmis iðnaðarúrgangur og er þetta svipað og síðustu ár. 60% af úrgangi fór í urðun, 30% í endurvinnslu og 10 í endurnýtingu.

Heildarmagn á íbúa er mjög mismunandi. Stærri sveitarfélögin eru með minna magn á íbúa en þar spilar inn í að fyrirtæki eru með sérsamning um sorphirðu. Urðunnarhlutfall er misjafnt og er hæst í sumarhúsa sveitarfélögum þar sem að flokkun er flókin.

Nokkur sveitarfélög eru komin með endurnýtingarhlutfall vel yfir 10% og allt upp í 20% og er gaman að sjá þessa aukningu.

Fór hann yfir ýmsar tölulegar upplýsingar síðustu 4 ára. Förgunin er nokkurn vegin stöðnuð en fer þó heldur niður á við, endurnýting fer vaxandi og endurvinnslan hefur vaxið jafnt og þétt en heildarmagn sorps er líka að vaxa og er það vegna íbúapróunar en förgun á hvern íbúa er að lækka. Það er engin bylting í gangi en það er að myndast ákveðin lína.

Ræddi hann um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar á að koma fram hvernig sveitarfélög ætla að ná þeim markmiðum sem fram koma í gildandi lögum á hverjum tíma. Gildistími áætlunnar er til næstu 12 ára og er gerð áætlun fyrir hvert svæði fyrir sig.

Fór hann yfir stöðuna hjá þjónustuaðilum. Það eru næg förgunarúrræði m.a. með samningi við Kölkú. Terra - er komin í startholurnar með útflutning. Það er vilji til að leysa málið innanlands en reiknað er þó með að flytja út u.þ.b. 1.000 tonn til áramóta. Útflutningur er óumflýjanlegur á næta ári. Litað timbur, dýnur og dýrahrae eru vandamál sem þarf að finna lausn á.

ÍGF - útflutningur gengur vel og eru móttakendur ánægðir. Þar er eina verulega vandamálið dýrahrae. Ræddi hann um dýraleifar í háhættuflokki 1 og 2. Allar leiðir eru lokaðar eins og er. Það verður hægt að urða lífrænan úrgagn á Strönd í skamman tíma.

Það er verið að undirbúa hræbrennslu á Stönd, þar væri hægt að taka á móti um 2.000 tonnum á ári. Þó er ýmsum tæknilegum spurningum ósvarað vegna mats á umhverfisáhrifum. Það þarf sjálfvirka öskulosun og hún kostar, það þarf hús, mótunarbúnað, aðferðir og ílát til söfnunar og val á eldsneyti. Ekki er búið að kaupa neitt en það þarf að fá ríkið með í verkið en það eru aðilar að fylgjast með þróun mála. Þessi aðstaða verður að vera til samanber hrae vegna riðu í Skagafirði, hún vekur óþægilega áminningu um þörfina.

Áskoranir framundand. Koma hræbrennslunni í gang, hvernig á að fjármagna og reka, það þarf einnig að skoða ýmsar leiðir á gjaldtöku. Bæta flokkun enn frekar, líka hjá fyrirtækjum. Lífrænt alls staðar komið í farveg, stutt í sérflokkun á gleri og textíl - betri flokkun minni kostnaður.

Grundvallarendurskoðun á gjaldskrá og breytt fyrirkomulag sorphirðu, fleiri tunnur eða grenndarstöðvar, þetta þarf að skoða.

Fundarstjóri gefur orðið laust Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sæmundur Helgason, Hrafnkell Guðnason, Ásta Stefánsdóttir, Elísabet B. Lárusdóttir og Stefán Gíslason tóku til máls.

## 10. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust.

## 11. Afgreiðsla á b. lið og tillögum c., d., e., f. og g. í 6. dagskrárlíð

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2019 verði samþykktur.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2021 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2021 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að tillaga að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillaga um þóknun stjórnar verði samþykkt.

Tillaga um þóknun stjórnar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykktar.

Engar tillögur til breytinga á samþykktum eru gerðar.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum verði samþykktar.

Engar tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum berast

## 12. Kosningar - Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara.

Aldís Hafsteinsdóttir lagði fram tillögu kjörnefndar að stjórn SOS

### Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahr.  
Anton Kári Halldórsson, Rangárþ. eystra  
Gísli H. Halldórsson, Sveitarf. Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir Sveitarf. Árborg  
Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarf. Ölfus

### Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahr.  
Ágúst Sigurðsson, Rangárþing ytra  
Helgi S. Haraldsson, Sveitarf. Árborg  
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarf. Árborg  
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbær

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### Fundarslit

Jón G. Valgeirsson, formaður þakkaði fyrir traustið fyrir hönd stjórnar. Einnig þakkaði hann starfsmönnum og fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 12:20.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.